

168
18. okt.

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

um breyting á reglugerð frá 28. febr. 1947, um sérstakan tímareikning.

Árið 1949 skal klukkunni seinkað aðfaranótt sunnudagsins 30. október í stað aðfaranætur sunndagsins 23. október.

Dómsmálaráðuneytið, 18. október 1949.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

169
21. okt.

REGLUGERÐ

um holræsi á Hvammstanga.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, sem þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja ræsi frá húsnum sínum, er flytji allt skolp frá þeim út í aðalræsið. Hreppurinn leggur til pípur í slík hliðarræsi, að húsi, en húseigandi kostar verkið að öðru leyti. Vanræki einhver að láta gera þessi holræsi innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd setur, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt skal hann skýra oddvita eða þeim, sem hreppsnefnd hefur falið umsjá með lagningu holræsa um þorpið, frá því og fá samþykki þar til. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi umsjónarmaður ávallt eftirlit með því, að vel sé frá öllu gengið.

3. gr.

Til að standast kostnað af holræsagerðinni og viðhaldi aðalræsa, ber hverjum húseiganda, sem hefur fengið hús sitt tengt við holræsakerfi hreppsins, eða átt kost á því samkvæmt 1. og 2. gr., að greiða til hreppsins árlegt holræsagjald, sem ákveðst þannig:

- a. Fast gjald af hverju húsi kr. 50.00.
- b. Fast gjald af hverri íbúð umfram eina í húsi kr. 20.00.
- c. 6% af fasteignamatverði húseigna.

Samkomustaðir og verzlanir í íbúðarhúsum teljast ein íbúð hver.

Af hverju húsi, sem kemst í samband við holræsakerfið eða á kost á því, skal greiða sérstakt stofngjald, er nemi tvöföldu árgjaldi.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess. Fyrir öllum kröfum, sem hreppurinn öðlast á hendur húseigendum samkvæmt reglugerð þessari, hefur hann lögtaksrétt, sem tryggður er með lögveðrétti